

127 ingi, sem 63. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905 alveg ótvírætt virðist leggja í það
 17. des. orð, því að hefði Skefilsstaðahreppur verið dvalarsveit hans, hefði sá hreppur einnig
 átt að veita honum styrk, samkvæmt nefndri lagagrein, en slíkt væri auðsjáan-
 lega rangt, og verður því eigi hjá því komist, að skoða Hólshrepp dvalarsveit
 þurfalingsins, er hann varð styrksþurfi. Kostnaður af honum er því Skefilsstaða-
 hreppi óviðkomandi, jafnvel þótt þurfamaðurinn teldist hafa verið heimilisfastur
 þar, er hann varð styrksþurfi.

Því úrskurðast:

Skefilsstaðahreppur á að vera laus við kröfur Hólshrepps í þessu máli.

128

12. okt.

Almennar reglur

um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma,

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 24, 16. nóvember 1907, um varnir gegn út-
 breiðslu næmra sjúkdóma, hefir stjórnarráðið í samráði við landlækni sett eftir-
 farandi almennar reglur um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

I. kafli.

Um sjúkdóma, sem yfirvöld skulu ætíð verja almenning fyrir.

1. gr.

Þeir næmir sjúkdómar, sem yfirvöld skulu ætíð verja almenning fyrir,
 eru þessir: *kólera, gul hitasótt, útbrotataugaveiki* (typhus exanthematicus), *bólusótt,*
mislingasótt, skarlatssótt og pest (pestis orientalis).

2. gr.

Ef sjúkdómur kemur upp á heimili og er auðsætt eða grunsamt að vera
 muni einhver þeirra sjúkdóma, sem taldir eru í 1. gr., þá skal húsráðanda skylt,
 að skýra hjeraðslækni sínum frá því tafarlaust. Þó má hann, ef vill, skýra hrepp-
 stjóra sínum frá sjúkdóminum, eða hreppsnefndarmanni, eða sýslumanni, eða bæj-
 arfógeta, en hann skal jafnskjótt láta lækni vita. Með heimamönnum eru hjer-
 taldir aðkomumenn, er hafa húsnaði á heimilinu um stundarsakir, og einnig þeir,
 sem eru þar í fæði. Nú kemur slíkur sjúkdómur upp meðal þeirra, sem eru í
 nauðungarvist á einhverjum stað, eða í sjúkrahúsum, skólum og líkum stofnunum,

og er þá forstöðumanni eða forráðamanni skylt að skýra frá því. Komi sjúkdómurinn upp á skipi eða í veri á vertíð meðal skipshafnar, skal skipstjóri eða formaður skýra frá. 128
12. okt.

Verði einhver þess var, að vanrækt hafi verið að skýra frá sjúkdómi, sem víst er um eða grunur á, að geti verið einhver þeirra sjúkdóma, sem taldir eru í 1. gr., þá skal hann þegar í stað tilkynna sjúkdóminn á þann hátt, sem fyr var sagt, og tekur þetta einkum til lækna, sóttthreinsunarmanna, heilbrigðisnefnda og sveitarstjórna.

Purfi hreppstjóri eða hreppsnefndarmaður að takast ferð á hendur til að tilkynna hjeradslækni næman sjúkdóm, og sje ferðin lengri en 2 mílur fram og aftur, þá fær hann kostnaðinn endurgoldinn úr sveitarsjóði eftir reikningi, sem hreppsnefndin samþykkir.

3. gr.

Hjeradslæknar skulu hver í sínu hjeradi sjá um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, undir umsjón landlæknis og stjórnarráðsins.

Skyldir eru sýslumenn, bæjarfógetar, hreppstjórar, svo og sveitarstjórnir, og heilbrigðisnefndir, ef til eru, að veita hjeradslækni hjálp til að koma fram þeim sóttvarnarráðstöfunum, sem nauðsynlegar eru og hægt er að koma við eftir atvikum og ástæðum á hverjum stað.

4. gr.

Nú er hjeradslækni gert kunnugt, að upp sje kominn sjúkdómur í hjeradi hans, og er ástæða til að ætla að verið geti einhver þeirra sjúkdóma, sem taldir eru í 1. gr., og skal læknir þá tafarlaust fara á það eða þau heimili, þar sem sjúkdómurinn er, og skoða þá, sem sjúkir eru.

Ef læknir þá telur víst eða hugsanlegt, að um einhvern þann sjúkdóm sje að ræða, sem talinn er í 1. gr., skal hann grenslast nákvæmlega eftir upptökum sóttarinnar, hvaðan hún muni vera komin, hvort ekki muni fleiri heimili sýkt eða í sóttthættu o. s. frv. Hafi einhver dáið úr sjúkdóminum, ber læknir að rannsaka líkið, að svo miklu leyti sem honum er unt, ef sú rannsókn er nauðsynleg til þess að ákveða sjúkdóminn. Purfi að kryfja líkið og vilji aðstandendur ekki leyfa það, skal læknir leita aðstoðar lögreglustjóra, sem getur lagt fyrir, að slík rannsókn skuli gerð.

Ferðakostnaður læknis í þessum erindum er greiddur úr landssjóði.

5. gr.

Í hvert sinn sem hjeradslæknir verður þess var að upp er kominn í hjeradinu einhver þeirra sjúkdóma, sem taldir eru í 1. gr., eða einhver sjúkdómur, sem ekki er unt að bera kensl á í svipinn, en grunsamt að geti verið af því tagi, þá skal hann þegar í stað beita öllum þeim nauðsynlegum sóttvarnarráðstöfunum, sem unt er að koma í verk, og fara að á þann hátt, sem nú skal greina;

128

12. okt. a) Ef lækni álitur gerlegt að hafa sjúklinginn á heimili hans, eða ekki er annars kostur, þá skal hann krefjast þess, að lögreglustjóri (sýslumaður eða bæjarfógeti) eða hreppstjóri banni öllum utanheimilismönnum að koma án skriflegs leyfis hjeraðslæknis á bústað sjúklingsins (hús eða bæ eða skip) og sómuleiðis öllum heimamönnum að fara á annara manna heimili; banna má og að flytja af sýktu heimili matvæli, einkum mjólk og mjólkurafurðir. Slíkt bann skal auglýsa á útidyrhurð hins sýkta húss eða á bæjarpili fast við bæjardyr, ef bær er.

Þá er samgöngubann er sett, skal jafnan setja gæslumann af öðru heimili til að lita daglega eftir hinu sýkta heimili og annast nauðsynlega aðflutninga og sjá um að lækni sje vitjað, ef þörf gerist. Ef nauðsyn ber til, getur lækni krafist þess af lögreglustjóra, að hann skipi menn til að halda vörð um sóttarheimilið, því til tryggingar, að samgöngubannið sje eigi brotið. Akvæðin í 13. gr. b, c og d gilda ávalt um þá sjúkdóma, sem hjer um ræðir, þó að ekki sje sett fult samgöngubann.

Kaup gæslumanns og varðmanna er greitt úr landssjóði. Læknishjálp, aðhjúkrun og meðul skal einnig gjalda úr landssjóði, ef með þarf, en þann kostnað skulu þeir endurborga, sem þegið hafa, ef sveitarstjórn álitur þá til þess færa, og skal taka lögtaki, ef ekki fæst á annan hátt.

b) Nú er ekki hægt að hafa sjúkling svo afskektan á heimili hans, eða sóttkvía heimilið svo, að full trygging sje fyrir því, að sóttin berist ekki út, og er þá lækni heimilt að láta flytja sjúklinginn í alment sjúkrahús, eða eitthvert annað hús, sem til þess er hægt að fá, enda verði sóttvörnin öruggari á þann hátt. Er sjúklingur skyldur að vera þar þangað til lækni telur hættulaust að flytja hann eða láta hann fara þaðan, enda fái hann hæfilega aðhjúkrun og lækni-hjálp. Heimilt er og lækni að skipa svo fyrir, þá er rannsaka skal vafasöm sjúkdómstilfelli. Við flutning sjúklings skal þess gætt, að svo vel fari um hann, sem unt er, án þess hætt sje við sóttnæmisútbreiðslu. Ákvæðið í 13. gr. e gildir ávalt um þá sjúkdóma, sem hjer um ræðir. Ef sjúklingurinn er fluttur í sjúkrahús eða sóttvarnarhús, þá er allur flutnings og legukostnaður greiddur úr landssjóði, þar á meðal læknishjálp, aðhjúkrun og meðul, og ekkert endurgjald heimtað.

c) Heimilt er lækni, ef þurfa þykir, að krefjast þess af lögreglustjóra eða hreppstjóra, að hann skipi að loka skólum og banni almenna mannfundi, opinberar skemtanir (dansleiki, brúðkaupsveislur og þess háttar), einnig messur og líkfylgdir í sveitinni eða bænum, þar sem sóttin gengur.

d) Þegar mjög mikil hætta vofir yfir, má lækni krefjast þess af lögreglustjóra, að hann afkvii einstök grunsöm heimili eða alt bygðarlagið, sem sóttin er í, hvort heldur er kaupstaður, kaптún, eða þorp, eða hlutar þeirra, eða önnur stór svæði.

Menn eiga enga heimtingu á skaðabótum fyrir atvinnumissi eða annað tjón, er menn kunna að biða af samgöngubanni.

e) Heimilt er hjeraðslækni að fyrirskipa sóttthreinsanir eftir því sem þörf gerist. Sóttthreinsunarkostnaður greiðist úr landssjóði.

f) Hjeraðslæknir skal gera almenningi ráðstafanir sínar kunnar á þann hátt, sem honum þykir þurfa. 128
12. okt.

6. gr.

Nú hefir hjerðslæknir tekið upp sóttvarnir gegn einhverjum þeim sjúkdómi, sem talinn er í 1. gr., og skal hann þá tafarlaust skýra stjórnarráðinu frá uppkomu sjúkdómsins og ráðstöfunum sínum svo fljótt sem verða má, annaðhvort brjeflega, eða í símskeyti, ef þess er kostur, og senda hraðboða á landssjóðs kostnað með símskeyti eða brjef, ef nauðsyn ber til.

Þegar hjerðslæknir því næst hefir fengið fyrirmæli stjórnarráðsins um það, hverjum vörnum skuli beita gegn útbreiðslu sjúkdómsins, skal hann þegar í stað gera almenningi þær ráðstafanir kunnar á hinn hagkvæmasta og tryggi-legasta hátt á því svæði, sem þurfa þykir.

Sleppa má þó auglýsingunni, ef sjúklingarnir eru allir einangraðir í sóttvarnarhúsum þeim, sem til eru samkvæmt 6. gr. laga 6. nóv. 1902, um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands, svo og meðan vafasamt þykir, hvort um sje að ræða einhvern þeirra sjúkdóma, sem taldir eru í 1. gr.

Þá er almennum sóttvörnum er lokið, skal hjerðslæknir einnig gera það kunnugt öllum almenningi, sem það mál varðar.

II. kafli.

Um sjúkdóma, sem landsstjórnin getur skipað varnir gegn, ef þeir eru skæðir, eða önnur sjerstök ástæða er til.

7. gr.

Landsstjórnin getur fyrirskipað, að vörnum skuli beita gegn þessum sjúkdómum: *inflúensu, barnaveiki, kikhósta, taugaveiki, hettusótt og blóðsótt* (dysenteria nostras), þegar þeir sjúkdómar eru skæðir, eða aðrar sjerstakar ástæður knýja til þess.

8. gr.

Það er skylda hvers húsráðanda að skýra hjerðslækni sínum frá því, ef einhver sótt kemur upp á heimili hans, þeirra sem taldar eru í 7. gr., og gilda um þessar tilkynningar öll ákvæði 2. greinar.

9. gr.

Nú er hjerðslækni gert kunnugt, að einhver sótt, þeirra sem taldar eru í 7. gr., muni vera komin upp á tilteknum stað í hjerði hans, án þess þó að hann sje beðinn að vitja sjúklinganna til að veita þeim læknishjálp, og skal hann þá ekki gera sjer ferð á landssjóðs kostnað til að rannsaka sjúkdóminn, nema því aðeins, að hann hafi einhverja ástæðu til að ætla, að ef til vill geti verið

128 um einhvern þann sjúkdóm að ræða, sem ætíð skal verja almenning fyrir (sbr. 12. okt. 1. gr.), eða einhverja aðra svo alvarlega sótt, að nauðsyn muni bera til, að landsstjórnin skipi varnir gegn henni.

10. gr.

Ef hjeraðslæknir verður þess var, að upp er komin einhver sótt í hjeraðinu, þeirra sem taldar eru í 7. gr., þá er honum heimilt að beita til bráðabirgða hinum almennu sóttvarnarreglum, sem settar eru í 5. gr., en þó því aðeins, að hann skýri stjórnarráðinu tafarlaust frá þeim ráðstöfunum sínum. Þessa heimild skal hann yfirleitt ekki nota, nema þegar svo stendur á — 1) að um útlenda sótt er að ræða (innflúensu, kikhósta eða hettusótt) og læknir veit að sóttin er óviðá, eða hvergi annarsstaðar á landinu, og telur líklegt, að hún verði stöðvuð, ef fullum vörnum er beitt, — 2) að um innlenda sótt er að ræða (barnaveiki, taugaveiki eða blóðsótt) og sóttin óvanalega illkynjuð.

11. gr.

Nú hefir hjeraðslæknir tekið upp sóttvarnir til bráðabirgða gegn einhverri sótt, þeirra sem taldar eru í 7. gr., og skal hann þá tafarlaust skýra stjórnarráðinu frá því, á þann hátt, sem segir í 6. gr., og því næst haga sjer eftir fyrirmælum stjórnarráðsins um það, hvort halda skuli sóttvörnunum áfram eða hætta þeim.

12. gr.

Þó að ekki sje beitt hinum almennu sóttvarnarreglum gegn þeim sóttum, sem taldar eru í 7. gr., þá skal hjeraðslæknir engu að síður gera sjer alt far um að fræða almenning um eðli þeirra og útbreiðsluhætti, brýna fyrir mönnum samgönguvarúð og allar þær þrifnaðar- og sóttþreinsunarreglur, sem fylgja þarf á sóttarheimilinu, meðan á veikinni stendur, og dregið geta úr útbreiðslu sóttarinnar, enda er lækni heimilt, ef að gagni má koma, að fyrirskipa fullnaðarsóttþreinsun á landssjóðs kostnað á þeim heimilum, þar sem sóttin er afstaðin (lokasóttþreinsun), eins fyrir því, þótt almennum sóttvarnarreglum sje ekki beitt, en enginn annar kostnaður verður þá goldinn úr landssjóði.

13. gr.

Um *taugaveiki* og *barnaveiki* skal ávalt hlita þeim fyrirmælum, sem nú skal greina, eins fyrir því, þó að ekki sje beitt hinum almennu sóttvarnarreglum:

a) Hjeraðslæknir skal ganga ríkt eftir því, að húsráðendur vanræki ekki að gjöra honum aðvart, ef taugaveiki eða barnaveiki kemar upp á heimilum þeirra, sbr. 8. gr.

b) Hafi taugaveiki eða barnaveiki gjört vart við sig á einhverju heimili, þar sem börn ganga í skóla, þá mega þau ekki koma í skólann fyr en þau hafa fengið vottorð frá lækni um, að ekki sje hætt við sótnæmisútbreiðslu frá þeim. Gefa skal vottorð þetta ókeypis.

c) Nú gerir taugaveiki eða barnaveiki vart við sig á heimili skólakennara, og skal hann þá hætta kenslu í skólanum þangað til læknir hefir gefið vottorð um, að eigi þurfi að óttast að hann breiði sjúkdóminn út. 128] 12. okt.

d) Hjeraðslæknir skal jafnan brýna fyrir mönnum, að varast öll ónaðsynleg mök við heimili, þar sem taugaveiki gengur eða barnaveiki. Hann skal aldrei leynd þessum sóttum, heldur láta náðúa sóttarheimilisins vita um sóttina, svo að þeir geti fremur varast hana. Hann skal og ávalt vekja athygli á því, að ef maður hefir taugaveiki eða barnaveiki, eða hefir dvalið á heimili þar sem önnurhvor þessi sótt gengur, þá skal hann jafnan er hann kemur á önnur heimili, þar með talin skip, láta húsráðanda eða skipstjóra vita um sjúkdóminn, og varðar hegningu, ef út af er brugðið.

e) Farþegaskip má eigi nota til að flytja sjúklinga með taugaveiki eða barnaveiki, nema hjeraðslæknir leyfi og sje fylgt fyrir mælum hans um flutninginn.

f) Jafnan skal sóttthreinsa þau heimili, þar sem taugaveiki hefir verið. Einnig skal að jafnaði sóttthreinsa heimili, þar sem barnaveiki hefir verið, en þó má með leyfi landlæknis sleppa sóttthreinsunum eftir barnaveiki, ef veikin er mjög væg og mjög útbreidd í einhverju hjeraði, svo að hjeraðslæknir getur ekki fengið vitneskju um nema fáein af sóttarheimilunum, af því að alþýða manna ber engin kensl á veikina og lætur því eigi lækni vita.

III. kafli.

Um sóttthreinsanir.

14. gr.

Heimilt er lækni að skipa svo fyrir, að fram skuli fara sóttthreinsun á bústöðum manna (húsum, bæjum eða skipum) og lausum munum þar er verið hefir einhver af sjúkdómum þeim, sem taldir eru í 1. og 7. gr., sbr. einnig 5. og 13. gr.

Nú gengur maður eða er álitinn að ganga með einhvern af þessum sjúkdómum, eða hefir átt mök við sjúklinga, svo að hætt er við að hann beri sjúkdóminn út, og er hann þá skyldur til að ganga undir sóttthreinsun með sig og muni sína, ef hjeraðslæknir telur nauðsyn á.

15. gr.

Kostnaður við allar sóttthreinsanir, sem hjeraðslæknir fyrirskipar samkvæmt 14. gr. er greiddur úr landssjóði.

Þó er heimilismönnum skylt að annast endurgjaldslaust alla þá vinnu við sóttthreinsunina, sem þeir geta af hendi leyst og sóttthreinsunarmaður þarf með og heimtar. Þeim er og skylt að leggja til ókeypis heitt vatn og kalt, eldivið og sápu eftir þörfum, en ekki önnur efni, sem til sóttthreinsunar þarf, t. d. sóttthreinsunarlýf.

128

12. okt. Ef maður hefir einhvern þann sjúkdóm, sem yfirvöld hafa sett varnir við, eða taugaveiki eða barnaveiki, eða hefir dvalið á heimili, þar sem einhver af þeim sjúkdómum gengur, og kemur hann á önnur heimili, þar með talin skip, og vanrækir að láta húsráðanda vita um sjúkdóminn, þá skal hann sjálfur greiða allan sóttthreinsunarkostnað, sem leiðir af komu hans á heimilið eða skipið, sbr. 13. gr. d.

16. gr.

Sje það of miklum erfiðleikum bundið að sóttthreinsa lausa muni, getur hjeradslæknir látið brenna þá, eða eyða þeim á annan tryggilegan hátt, en skaðabætur skulu greiddar eiganda og teljast með sóttthreinsunarkostnaði.

Aldrei skal þó lóga lausum munum, nema auðsætt sje að verðmæti þeirra nemi ekki meiru, en kosta mundi að sóttthreinsa þá tryggilega.

Skaðabætur þær, er greiða skal, metur hjeradslæknir eða sóttthreinsunarmaður; skal hann semja lýsingu á þeim munum, sem lógað er, meta þá hvern um sig og láta þessa matsgerð fylgja sóttthreinsunarreikningnum.

Ef eigandi þeirra muna, sem lóga skal, vill ekki una við matsgerðina, má hann heimta yfirmat og meta þá 2 dómkvaddir menn. Nú fær eigandi eigi 10 % hærri skaðabætur eftir hinni síðari gjörð en eftir hinni fyrri, og skal hann þá greiða kostnaðinn við yfirmatið, ella skal telja kostnað þennan með sóttthreinsunarkostnaði.

Ef sóttmengaðir munir, sem lóga skal, eiga að biða yfirmatsgjörðar, skal hjeradslæknir eða sóttthreinsunarmaður segja fyrir um geymslu á þeim, svo að hættulaust sje.

17. gr.

Hjeradslæknir skal ráða sóttthreinsunarmann, karl eða konu, í hverri sveit (kaupstað eða hreppi) hjeradsins til að hafa á hendi sóttthreinsanir; má hann ráða tvo í hverjum hreppi, og skal það einkum gjört ef hreppurinn er mjög víðáttumikill. Það er skylda hjeradslæknis, að annast um að hvergi vanti sóttthreinsunarmann.

Læknir skal semja við hvern sóttthreinsunarmann um ákveðna borgun fyrir hverja sóttthreinsun, og skal borgunin jafnhá fyrir allar sóttthreinsanir, sem hann innir af hendi, og ekkert sjerstakt endurgjald fyrir ferðakostnað hans. Þessi borgun má ekki að jafnaði fara fram úr 3 kr. í kaupstöðum og kaптúnum eða 5 kr. í landssveitum, og skal hjeradslæknir eigi ráða sóttthreinsunarmann fyrir hærri borgun án samþykkis landlæknis.

Nú fær læknir engan hæfan mann til að taka að sjer sóttthreinsun fyrir hæfilega borgun, og getur hann þá leitað aðstodar lögreglustjóra (bæjarfógeta eða sýslumanns), en honum er heimilt að skipa eftir tillögum læknis hvern þann innansveitarmann, er honum sýnist, á aldrinum frá 25—50 ára til þess að hafa sóttthreinsun á hendi í 3 ár. Verði þá ekki samkomulag um hæfilega borgun fyrir hverja sóttthreinsun, sbr. næstu málsgrein á undan, þá ákveður stjórnarráðið

borgunina. Ef sá, sem þannig er skipaður sóttthreinsunarmaður, þykist ekki geta **128** haft starfann á hendi sökum heilsubreysts eða annara orsaka, getur stjórnarráðið 12. okt. leyst hann frá því, að gegna þessum starfa, telji það ástæður hans á rökum bygðar.

Hjeraðslæknir skal veita hverjum sóttthreinsunarmanni næga tilsögn í sóttthreinsun.

18. gr.

Hjeraðslæknir skal sjá um að jafnan sjeu fyrirbyggjandi hjá hverjum sóttthreinsunarmanni nægar byrgðir af efnum þeim, sem venjulegast eru notuð við sóttthreinsanir, skal hann gjöra landlækni aðvart, ef hann vantar sóttthreinsunarylf, og taka til, hversu mikils hann þarfnast af hverju lyfi. Annast landlæknir þá um það, að honum verði send lyfin, og skal hann því næst útbýta þeim til sóttthreinsunarmanna.

19. gr.

Nú vill hjeraðslæknir láta sóttthreinsa, og skal hann þá senda sóttthreinsunarmanni skýra fyrirskipun um sóttthreinsunina, og láta þess getið, hvar sóttthreinsa skal og hvenær, og eftir hvaða sjúkdóm, og hversu víðtæk sóttthreinsunin skuli vera. Skal sóttthreinsunarmaður leysa verkið af hendi, svo fljótt sem frekast er unt. Ef sjúklingur hefir látist í heimahúsum, skal venjulega ekki sóttthreinsa fyr en líkið er komið í kistu, og henni lokað.

Sóttthreinsuninni skal haga eftir reglum, sem landlæknir setur.

20. gr.

Sóttthreinsunarmaður skal senda hjeraðslækni sínum sjerstakan reikning yfir hverja sóttthreinsun.

Hjeraðslæknir skal senda landlækni aðalreikning yfir sóttthreinsanirnar, og láta fylgja reikninga sóttthreinsunarmanns.

Hjeraðslæknir skal og senda landlækni sjerstakan reikning yfir annan sóttvarnarkostnað, sem greiða ber úr landssjóði.

Öllum þessum reikningum skal haga eftir fyrirmælum landlæknis.

21. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum eða fangelsi, nema hærri hegning sje ákveðin í almennum lögum.

Þetta auglýsist til eftirbreytni þeim, sem í hlut eiga.

Í stjórnarráði Íslands, 12. október 1912.

Í fjarveru ráðherra

Kl. Jónsson.

Eggert Briem.